

7. bekkur 2023 - 2024

Umsjónarkennari: Halla Sigríður Bjarnadóttir
Heimastofa: Móaland.

Í 7. bekk leggjum við mikla áherslu á samskipti og félagsfærni. Við leggjum okkur fram við að efla sjálfsmýnd nemenda með jákvæðni, hvatningu og hrósi að leiðarljósi. Kennslan beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun. Leitast er við að efla rökhugsun og gagnrýna hugsun nemenda sem og skapandi hugsun og lausnaleit. Nemendur þjálfast í að rökræða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti. Við leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttar og skemmtilegar kennsluaðferðir.

Íslenska

Kennari: Ingibjörg María Guðmundsdóttir

Markmið

Sjá aðalnámskrá, viðmið við lok 7. bekkjar.
[Aðalnámskrá Grunnskóla \(adalnamskra.is\)](#)

Aðalviðfangsefni

Markmiðin eru tengd fjölbreyttum viðfangsefnum.

Námsefni

- Veraldarvefurinn
- Fjölbreyttar lestrarbækur
- Málfræðiverkefni af ýmsum toga
- Skólaslit
- Barnasáttmálinn
- Valdar bókmenntir, ljóð og stuttar skáldsögur
- Ýmis spil
- Þematengd viðfangsefni

Kennsluhættir og fyrirkomulag

5 kennslustundir á viku.

Nemendur vinna verkefni einstaklingslega, í hóp eða þörum eftir eðli verkefna. Innlagnir eru eftir þörfum og við upphaf viðfangsefna. Skólaárinu er skipt í þemu og unnið að markmiðum í gegnum þau. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, skapandi vinnu og skapandi skil.

Námsmat

Lesfimi er metin með prófum þrisvar á skólaárinu. Lesskilningur er metin með Orðarún í upphafi skólaárs og á seinni hluta þess. Kannanir eru lagðar fyrir eftir ákveðin viðfangsefni þegar það á við. Skapandi skil eru í mörgum viðfangsefnum og þá er vinnan, framlagið og skilin metin.

Stærðfræði

Kennari: Halla Sigríður Bjarnadóttir

Markmið:

Sjá Aðalnámskrá fyrir lok 7. bekkjar.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðalviðfangsefni:

Tölur, tölfræði og líkur, margföldun og deiling, rúmfræði, mælingar, almenn brot og prósentur, reikningur, mynstur og algebra

Námsgögn:

Stika 3a og Stika 3b. Stærðfræðiverkefni sem kennari útvegar og hentar hverjum og einum.

Kennsluhættir og fyrirkomulag:

5 kennslustundir á viku.

Nemendur vinna verkefni með öðrum nemendum á miðstigi skólans. Oftast eru þrír kennarar á svæðinu í einu og verður nemendum ýmist skipt í hópa eða vinna eftir sinni áætlun.

Miðast er við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Innlagnir eru þar sem við á og farið verður í námsleiki, þrautir, hópavinnu og kynningar á töflu þegar við á.

Námsefninu er skipt í nokkrar lotur og verða smápróf og lotupróf til að athuga skilning og gengi.

Námsmat:

Unnið er eftir markmiðum og er notað símat og kannanir

Náttúrufræði

Kennarar: Halla Sigríður Bjarnadóttir

Markmið:

Sjá Aðalnámskrá Grunnskóla; Náttúrugreinar fyrir lok 7. bekkjar

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Aðalviðfangsefni:

Lífvisindi, eðlisvisindi, jarðvisindi, umhverfismennt

Námsgögn:

Auðvitað bækur; Náttúrulega 1, Náttúrulega 2, Veraldarvefurinn, ýmsar fræðibækur sem tengjast efninu beint og fjölbreytt efni frá kennara.

Kennsluhættir:

Fyrirlestrar, stöðvavinna þar sem nemendur fá fjölbreytt verkefni sem tengjast efni vikunnar. Vinna í pörum og hópum eru ríkjandi aðferðir, eins verða unnin verkefni einslega.

Á haustönn er lífvisindi, eðlisvisindi og jarðvisindi, á vorönn er vísindavaka, eðlisvisindi, umhverfismennt og lífvisindi.

Kennslufyrirkomulag:

Náttúrufræði er kennd þrjá daga vikunnar, 40 mín. í senn.

Námsmat:

Vinnubók, verkefni og stuttar kannanir.

Samfélagsfræði

Kennari: Oddrún Ýr Sigurðardóttir

Markmið:

Sjá Aðalnámskrá fyrir lok 7. bekkjar

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Aðalviðfangsefni:

Landfræði/samfélagið okkar, trúarbragðafræði og saga.

Námsgögn:

Vefur mms.is trúarbrögð og saga.

Vefefni og annað efni frá kennara

Kennsluhættir:

Nemendur vinna verkefni tengd efninu ýmist einir eða saman í hópum. Leitast er við að auka sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og þjálfá þá í umræðum og efla gagnrýna hugsun. Leitast er við að mæta þörfum hvers og eins. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur vinni alltaf sömu verkefni á sama tíma.

Á haustönn lærum við um nærsamfélagið okkar; Skeiða- og Gnúpverjahreppur og nágrenni, Evrópa valið efni frá kennara og trúarbragðafræði. Á vorönn verður farið í sögu og haldið áfram í trúarbragðafræði.

Kennslufyrirkomulag:

Samfélagsfræði er kennt fjórum sinnum í viku 40 mín í senn.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Námsmat byggir á símati, sjálfsmati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Enska

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

Markmið:

Sjá markmið í Aðalnámskrá grunnskóla fyrir ensku:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðal viðfangsefni eru:

Að tjá sig á ensku og bjarga sér í daglegu lífi t.d. í verslun, ferðalögum og í spjalli við jafnaldra.

Áhugasavið nemenda tekið fyrir t.d. íþróttir, gæludyr ofl.

Námsgögn:

Yes, we can 5 og 6.

Léttlestrarbækur, teiknimyndir, útprentað námsefni, gagnvirkt efni og kennsluforrit af veraldarvefnum, orðabækur, spil, leikir og söngvar.

Kennsluhættir:

Kennt verður í lotum og verður vinnan þematengd. Inn í þemun verða tengd verkefni sem þjálfá atriði sem nefnd eru í aðalnámskrá og verður unnið með hvert viðfangsefni á fjölbreyttan hátt.

Áhersla er lögð á að byggja jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður sem örva nemendur til þess að nota málið á einfaldan hátt.

Helstu kennsluáðferðir eru einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna, stöðvavinna og leikræn tjáning.

Kennslufyrirkomulag:

2 kennslustundir á viku. Einstaklingsvinna í bland við hópavinnu og mikil áhersla er á að auka orðaforða.

Námsmat:

Leiðsagnarmat, hópamat, sjálfsmat, hugarkort og kannanir.

Danska

Kennari: Bolette Høeg Koch

Markmið

Sjá Aðalnámskrá

<https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=47080c0c-c37e-11e6-9409-005056bc4d74#Tab0>

Helstu viðfangsefni

Húsdýr, tölur, matur, staf rofið, orðflokkar, liti og föt

Námsgögn

Námsvefur og verkefni unnið af Bolette

Spil og munnlegar æfingar

Kennsluhættir

Verkefnin eru unnin einstaklingslega, í paravinnu og í hópavinnu, ásamt munnlegar og skriflegar æfingar. Einn þáttur er tekinn fyrir í einu, þannig að veturinn skiptist í níu lotur.

Kennslufyrirkomulag

Munnlegt, skriflegt og hlustun í bland

Námsmat

Leiðsagnamat, sjálfsmat, kannanir, munnlegt mat, verkefni og æfingar.

Kennslufyrirkomulag:

Tveir kennslustundir á viku.

Námsmat:

Leiðsagnarmat, sjálfsmat, kannanir, þátttaka í tímum, verkefni og æfingar.

Myndmennt

Kennari : Helena Steinþórsdóttir

Markmið:

Að nemandi: Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Þekki hugtakið sjónarhorn og geti unnið með mismunandi sjónarhorn. Geti unnið mynd eftir fyrirmynd. Geti gert sér grein fyrir verðmæti efna sem unnið er með. Kynnist bæði íslenskum og erlendum listamönnum frá ýmsum tímum og verkum þeirra. Kynnist litافرæði og litablöndun. Geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum. Læri að þekkja eiginleka hvers miðils fyrir sig. Horfi á umhverfi sitt og þjálfist í að notfæra sér það sem hann uppgötvar. Þekki möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt. Geti lýst munnlega/skriflega skoðun sinni á myndverki.

Námsgögn:

Unnið verkefni úr bókinni: „Ég sé með teikningu“ og hugmyndum sem fundnar eru á netinu.

Námsmat:

Símat kennara sem einkum felur í sér eftirfarandi þætti: áhuga, samvissusemi, elju, sjálfstæði, skapandi vinnubrögð og frágang.

Kennsluhættir:

Hugmynd af verkefni er kynnt fyrir nemendum sem unnið er eftir. Ýtt er undir sköpunargleði hvers og eins og stutt við hugmyndir sem koma til nemenda við sköpunina.

Kennslufyrirkomulag:

Myndmennt er kennd einu sinni í viku 40 mínútur í senn.

Hönnun og smíði

Kennari: Lilja Loftsdóttir

Markmið:

Sjá aðalnámskrá:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðalviðfangsefnin eru:

Nemendur nota m.a. efni úr skóginum í Þjórsárdal. Einnig verða unnin verkefni úr ýmsu öðrum efnum. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í að geta unnið út frá teikningum og læri að velja rétt verkfæri hverju sinni. Nýsköpunarkennsla fléttast inn í þessa námsgrein.

Námsgögn:

Smíði eftir Árna Árnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson

Ljósrit frá kennara

Veraldarvefurinn

Verkefni í nýsköpun

Kennsluhættir:

Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til einstaklingsins. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði og vera sjálfstæðir í vinnubrögðum.

Kennslufyrirkomulag:

7.bekkur verður 2x4 skipti í smíði þennan veturinn 8 skipti samtals. Hver tími er 90.mín

Námsmat:

Þættir eins og hæfni í notkun áhalda, frágangi, vandvirkni og frumkvæði eru metnir.

Textíll

Kennari: Hrönn Brandsdóttir

Markmið

Nemendur kynna helstu grunnþáttum og orðræðu greinarinnar. Nýta fyrri þekkingu í textíl til þess að læra nýjar textílaðferðir.

Helstu viðfangsefni

Nemendur:

- Læra að setja fram og vinna eftir eigin hugmyndum
- Læra að tileinka sér helstu hugtök greinarinnar og þekkja áhöld hennar
- Læra að sauma útsaumsspor
- Læra að nota saumavél, sauma saman efni og nota mismunandi spor
- Vinni með íslensku ullina
- Tileinki sér helstu atriði í þrjóni
- Læra að skipta um garnlit í þrjóni
- Læra að beita heklunál og hekla einfalt hekl

Kennsluáðferðir

Bein kennsla og sýnikennsla.

Kennslufyrirkomulag

Á stundarskrá eru tvær kennslustundir í viku, hluta af haustönn og hluta af vorönn.

Námsmat

Við námsmat að loknum vetri verður tekið mið af vinnusemi og áhuga nemenda í kennslustundum. Auk þess verður hvert verkefni metið, með tilliti til vandvirkni, færni og frágangs.

Tónmennt

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

Markmið

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

- nemendur geti sungið ýmis íslensk sönglög/dægurlög, ný og gömul.
- Ráði við að klappa flókinn rytma þar sem sextánudpartar koma oft fyrir og punkteringar.
- Þekki helstu ítalskar tónlistarmerkingar til viðbótar; Allegro, adagio, legato, staccato, dolce.

Námsleiðir

- Á miðstigi er stefnt að því að nemendur geti sungið smám saman flóknari lög sem kennari setur fyrir; íslensk sönglög, dægurlög gömul og ný, íslensk sem og erlend.
- Séu búin að læra helstu grunnatriði í tónfræði eins og lengdargildi nótna að geti lesið vel úr þeim. Áframhald að læra um ítalskar tónlistarmerkingar.
- Kynnist ýmsum tónlistartegundum, aðallega grunntónlistartegundunum Klassík, Jazz og Pop/Rock og nokkrum undirtegundum popp/rokk tónlistar

- Geti unnið sjálfstætt ein og/eða í hópum að þeim verkefnum sem kennari setur fyrir, einkum úr bókum sem fræða nemendur um ýmiskonar tónlistarmenningu.

Nemendur í 7. bekk eru 40 mínútur á viku tónmennt eða upplýsingatækni til skiptis.

Heimilisfræði

Kennari: Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

Markmið - Sjá aðalnámskrá grunnskóla fyrir heimilisfræði:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Helstu viðfangsefni - Hreinlæti og frágangur í kringum matargerð og borðhald. Framkvæmdar uppskriftir eftir fyrirmælum úr bókum. Rifjum upp heiti helstu áhaldna sem notuð eru og hvar þau eru í eldhúsinu. Rætt um hvað er hollt að borða.

Námsgögn – Gott og gagnlegt, fyrir 7. bekk

Kennsluhættir - Verklegrar æfingar. Umræður

Kennslufyrirkomulag - Heimilisfræði er kennd einu sinni í viku 80 mínútur í senn hluta af haustönn og hluta af vorönn.

Námsmat - Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Sjálfstæði og samvinna ásamt virkni eru þættir sem áhersla er lögð á.

Útikennsla

Kennari: Lilja Loftsdóttir

Markmið

Markmið útináms er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúru á þeirra daglega líf. Einnig að nemendur læri að tileinka sér sterkt og gott viðhorf til náttúrunnar, útivistar, hreyfingar og heilbrigði. Einnig er lögð áhersla á að nemendur klæði sig rétt miðað við veðurfar hverju sinni.

Helstu viðfangsefni

Viðfangsefni útináms eru fjölbreytt og fléttast saman við aðrar greinar skólans. Sérstök áhersla verður lögð á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar og einkenni þeirra, veðurfar, hreyfingu, sköpun og sjálfbærni. Auk þess munu félagsþættir vega þungt í útinámi svo sem samskipti og félagsfærni.

Kennsluhættir og kennsluaðferðir

Kennsla fer að mestu leyti fram utandyra og byggir að mestu á athugunum, umræðum, þrautum og skapandi verkefnum. Nemendur munu ýmist vinna í samvinnu við aðra eða sjálfstætt við öflun gagna, athuganir, prófanir, mælingar og úrvinnslu.

Námsmat

Lagt verður mat á færni, framfarir, vinnusemi og áhuga nemenda í kennslustundum. Auk þess verður metið hvernig nemendum gengur að tileinka sér markmið námsins.

Skólaípróttir

Kennari: Elin Moqvist

Markmið - Sjá Aðalnámskrá:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Helstu viðfangsefni- Kennnd verða undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræði, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir. Áhersla er lögð á að þjálfra sköpun og tjáningu og auka heilbrigði nemenda.

Námsgögn - Unnið er með þau íþróttaráhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

Kennsluhættir - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalda.

Kennslufyrirkomulag - Bekkurinn fer í íþróttir 1x í 85 mínútur. Kennsla fer að mestu leyti fram inni í íþróttasal í Árnesi. Í einhverjum tilfellum fer kennsla fram utandyra, aðallega að hausti og um vor.

Námsmat - Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Sund

Kennari: Guðbjörg H. Bjarnadóttir

Markmið:

Sjá Aðalnámskrá <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðal viðfangsefni eru:

Í 5-7.bekk er aukin áhersla á heilsuuppeldi, líkamsvitund og upplifun nemandans á umhverfi sínu. Samhliða verklegri kennslu skal á markvissan hátt auka þekkingu nemenda á gildi hreyfingar til heilsuræktar og eigin mati á stöðu sinni. Áhersla skal einnig aukin á öryggisþætti og viðbrögðum við slysum í íþróttum og við sundiðkun.

Í skólasundi skal leggja megináherslu á leikniþætti og kennslu allra sundaðferða og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er og gera nemendur þar með vel sundfæra. Aukin áhersla ætti einnig að vera á notkun vatnsins til heilsuefingar með margvíslegum æfingum bæði á sundi og við fjölbreyttar styrkjandi æfingar í vatninu þar sem það er notað sem mótstaða. Huga skal vel að verkefnum sem efla félags-,tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda.

Námsgögn:

Unnið er með þau áhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

Kennsluhættir:

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalda.

Kennslu fyrirkomulag:

Nemendur 7.bekkjara eru saman í hópi.

Nemendur 5. og 6.bekkjara eru saman í hópi.

Kennt er 40 mín. í senn 1x í viku.

Kennslan fer fram í Neslaug.

Fyrsta þriðjudag hvers mánaðar fer kennsla hjá 5. 6. og 7. bekk fram í sundlauginni Brautarholti.

Bekkirnir eru þar saman í hópi.

Námsmat:

Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Jóga

Kennari: Elin Moqvist

Nemendur í 1.-7. bekk eru í jóгатímum einu sinni í viku allt skólaárið. Yngsta stigið er í 40 mín og miðstigið í 45 mín.

Markmiðin í jóga eru að nemendur:

- Þekki mismunandi tegundir af jóga
- Þekki og tileinki sér öndunaræfingar
- Þekki helstu jógastöðurnar
- Taki virkan þátt í æfingum
- Þekki hugleiðslu og af hverju við notum hana
- Beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

Kennslan fer aðalega fram inni en ef veður leyfir þá förum við út og notum náttúran og umhverfið.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og lögð er áhersla á það að skapa umhverfi þar sem börnunum líður vel og tileinknar sér hugleiðslu og slökun.

ART

Kennarar: Ingibjörg María Guðmundsdóttir og Lilja Loftsdóttir

Markmið

- Að vekja nemendur til umhugsunar um þau hugtök sem notuð eru í félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund.
- Að kenna nemendum að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annara.
- Að kenna nemendum jákvæðar leiðir í samskiptum.

Aðalviðfangsefnin eru:

Félagsfærniþjálfun - Nemendum eru kennd jákvæð samskipti t.d. með umræðum, hlutverkaleikjum.

Sjálfsstjórn – Nemendum eru kenndar leiðir til þess að bregðast við árekstrum og stjórna skapinu sínu. Nemendum eru kenndar nýjar samskiptaleiðir og efla þannig félagslega færni.

Efning siðferðis – Þjálfun í rökræðum, með aðstoð kennara, út frá klípusögum þar sem fram koma siðferðileg álitamál.

Námsgögn og kennsluhættir

ART námsefni, efni af veraldarvefnum og búin til af kennurum. Kennsluhættir eru fjölbreyttir en mikið er um hlutverkaleiki og umræður.

Kennslufyrirkomulag

ART er í stundatöflu barnanna 1x í viku. Hver tími byrjar og endar á sama hátt og lögð er áhersla á það að skapa umhverfi þar sem börnunum líður vel og að tímarnir séu hnitmiðaðir og skemmtilegir.

Upplýsingatækni

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

Markmið:

Sjá aðalnámskrá grunnskóla fyrir upplýsinga og tæknimennt:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðalviðfangsefni: Skrá sig inn á sitt office svæði í skólatölvum þar sem að nemendur setja upp sitt svæði, gera möppur og halda vel um sín rafrænu skjöl. Lærum að nota Microsoft forritin og þá sérstaklega Word, Excel og Power point. Unnið er á forrit á skýi. Einnig skoðum við og þjálfum upplýsingalæsi, ábyrga netnotkun, forritun og fingrasetningu. Lærum líka á nytsamleg öpp í spjaldtölvum.

Námsgögn: Ýmis kennsluforrit á vef menntamálastofnunar. Office pakkinn og netsvæði hvers og eins. Forritunarvélmennin Dot og Dash. Spjaldtölvur og Microbit tölvur.

Kennsluhættir: Innlögn í upphafi tíma, nemendur vinna verkefni í tölvum eða spjaldtölvum. Kennsla fer einnig fram í öðrum námsgreinum t.d. við gerð glærusýninga og í ritun.

Kennslufyrirkomulag: Upplýsingatækni og tónmennt er kennd 1x í viku, 40 mínútur til skiptis.

Námsmat Virknimat, þekking, leikni og hæfni viðmiða í aðalnámskrá.